



Innkauparáð

Málefni: Vatnsmýrarsvæði - Rannsóknir á grunnvatni og gerð grunnvatnslíkans.

Á grundvelli 25. greinar innkaupareglna er óskað heimildar innkauparáðs að viðhafa framhaldskaup við verkfræðistofuna Vatnaskil ehf. vegna rannsókna á grunnvatni og gerð grunnvatnslíkans af Vatnsmýrarsvæðinu.

Verkefnið er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða gagnaöflun, umsjón með mælingum, úrvinnsla mæligagna og gerð gagnagrunns í landfræðilegu upplýsingakerfi. Hins vegar er um að ræða gerð grunnvatns- og rennislíkans af Vatnsmýrarsvæðinu svo það endurspegli sem næst núverandi ríkjandi aðstæður og væntanlegar breytingar á vatnafari á svæðinu vegna uppbyggingar. Við líkangerðina verður byggt á fyrirliggjandi rannsóknum og grunnvatnslíkani unnu af Vatnaskilum ehf. af Vatnsmýrarsvæðinu.

Kostnaður ársins 2019 er áætlaður kr. 21.300.000,- án/vsk.

Greinargerð:

Á fundi innkauparáðs dags. 7. febrúar 2014 var samþykkt heimild fyrir samningskaupum við verkfræðistofuna Vatnaskil vegna rannsókna á grunnvatni og gerð grunnvatnslíkans af Vatnsmýrarsvæðinu. Nú er óskað eftir heimild til framhaldskaupa á grundvelli þeirrar samþykktar.

Afmörkun á vatnasvæði Vatnsmýrarsvæðisins er sýnd á meðfylgjandi yfirlitskorti. Til svæðisins teljast m.a. uppbyggingasvæði á Hlíðarenda, Öskjuhlíð, Flugvallarsvæðið, Stúdenta- og vísindagarðar HÍ, Skerjafjörður, land HÍ og Tjarnarsvæðið.


Í samþykktum skipulagsáætlunum vegna Vatnsmýrarinnar eru gerðar kröfur um að öllu grunnvatni og regnvatni sé haldið innan grunnvatnskerfis og markmiðið er að halda grunnvatnsrennsli óbreyttu eins og kostur er í Vatnsmýrinni.

Í deiliskipulagsáætlun af Hlíðarendasvæði segir:

„Landið er mýrlent og er á vatnasviði Reykjavíkurtjarnar. Kvöð verði sett um að ofanvatni verði skilað ómenguðu í náttúrulegt vatnskerfi eins og annars staðar í Vatnsmýrinni. Gæta skal þess að raska ekki grunnvatnsstöðu svæðisins á framkvæmdatíma“

Til að ná fram þeim markmiðum sem sett eru fram í skipulagsáætlunum er það forsenda uppbyggingar að koma upp grunnvatns- og rennislíkani fyrir svæðið til að sjá fyrir áhrif væntanlegrar uppbyggingar á vatnafar og vatnsbúskap svæðisins.

Mikilvægt er að sú rannsóknarvinna sem unnin hefur verið undanfarin ár rofni ekki.



Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Yfirlitsmynd af Vatnsmýrarsvæði



Skýring

— Rannsóknarsvæði

Sýndar eru tveggja metra hæðarlínur